

BORGARRÁÐ 19. janúar 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðbrögð vegna myglu í skólahúsnæði - MSS23010201

Flokkur fólksins óskar upplýsinga um skilvirkni og viðbrögð nú þegar myglumálin eru orðin fjölmörg. Hversu langur tími líður frá því að upplýsingar berast um myglu áður en farið er í aðgerðir? Er sérstaklega hlúð að börnum og starfsfólki hvað varðar heilsufar, mat á heilsufars skaða vegna myglunnar? Frá árinu 2018 hefur greinst mygla í yfir 30 skólahúsum sem aðeins tilheyra borgarreknum leik- og grunnskólum samkvæmt samantekt fréttastofu RÚV frá því í haust. Þá voru yfir 1.200 grunn- og leikskólabörn í húsnæði utan skólalóðar vegna mygluvandamála, 860 grunnskólabörn og 350 leikskólabörn. Síðan þá hafa líklega bæst við hátt í hundrað börn. Mörg þúsund börn verða fyrir raski í skólastarfi vegna myglu og raka. Nýlega bættust við enn fleiri skólar sem glíma við mygluvandamál eða eftirköst vegna myglu. Þetta hefur verið staðfest af sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Nýlega bættust á lista mengaðra skóla, Maríuborg, Garðaborg og Hálsaskógur.